



Akraneskaupstaður

**Alþingi**

**Kirkjustræti  
101 Reykjavík**

*Erindið sent með tölvupósti  
á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)*

Akranesi, 30. október 2023

2303014 HMA

**Efni: 314. mál til umsagnar - frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi.**

Skipulagsvald á alltaf að vera í höndum sveitarfélaga, með þessu frumvarpi er verið að setja skipulagsvald sveitarfélag á hilluna. Engir þjóðhagslegir hagsmunir geti réttlætt svo afdrifaríka ákvörðun alþingis, þó opnað sé fyrir tímabundna undanþágu. Skipulagsvaldi sveitafélaga er aldrei réttlætanlegt að veikja eða afnema, nema ef vera skyldi um stórvægilega þjóðarhagsmuni um mikilvæga innviði samfélagsins. Ekkert komi fram í greinargerð frumvarpsins að slíkt sé, um það efni sem frumvarpið er sprottið af.

Í greinargerð frumvarps er gert ráð fyrir að farið sé í kostnaðarsamar framkvæmdir við breytingar á húsnæði til þeirra notkunar sem frumvarpi er ætlað að heimila, tekið er fram að þessar breytingar geta aukið verðmæti eignarinnar við sölu eftir notkunartíma og má því ætla að mikil pressa verði á sveitarfélögum að samþykkja varanlega breytingu á húsnæði sem íbúðarhúsnæði þó það sé ekki í stefnu um skynsamlega landnotkun sveitarfélags. Einnig kemur fram að kostnaður ríkis við breytingar á húsnæðinu verði endurheimtir að hluta til með sölu á húsnæðinu í því ástandi sem það er, þetta ýtir undir ólöglega notkun íbúðarhúsnæðis þar sem ólíklegt er að húsnæði sem breytt hefur verið í íbúðarhúsnæði verði breytt til baka. , Frumvarpið leggur upp með að setja starfsmenn sveitarfélaga, byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, eldvarnareftirlits og heilbrigðis í þá stöðu að vinna gegn eigin vitneskju og samvisku með því að taka ábyrgð á að setja borgara í húsnæði sem stenst ekki almennar gæðakröfur til íbúðarhúsnæðis.

**Sú stjórnýsla sem frumvarpið leggur til getur ekki verið talin góð samanber:**

- Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um að virða ekki gildandi skipulag.
- Sveitarfélaginu er svo gert að láta þá sem hagsmuni eigi að gæta vita um breytta notkun húsnæðis, en tekið fram að ekki verði um samráð að ræða.



## Akraneskaupstaður

- Hagsmunaraðilar hafa ekkert í málinu að segja og engar stjórnsýslulegar leiðir til þess að mótmæla, þar sem frumvarpið leggur til að ráðherra hafi undanþágu frá skipulagsreglugerð.
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar verður ekki kæránleg til æðra stjórnvalds. Slíkt fyrirkomulag stenst ekki skoðun.

Akraneskaupstaður lýsir hér með yfir andstöðu sinni fyrir því að þetta frumvarp verði að lögum.

Virðingafyllst,

